

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi íþróttasvæðis við Varmá, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 8. maí 2012 skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt tillögu að breytingum á deiliskipulagi íþróttasvæðis við Varmá, sem auglýst var 9. mars 2012 með athugasemdafresti til 20. apríl 2012.

Helsta breytingin er sú að settur er inn nýr byggingarreitur fyrir salarbyggingu norðaustanvert við Íþróttamiðstöð. Jafnframt er skipulagsuppdrátturinn uppfærður í nokkrum atriðum til samræmis við nýjar upplýsingar.

Skipulagsbreytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem lög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi. Um leið fellur úr gildi uppdráttur samþykktur af bæjarstjórn 13. desember 2006.

F.h. Mosfellsbæjar, 15. júní 2012,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. júní 2012